

3 janúar 1937, skulu vera undanþegninir prófraun þeirri, er um ræðir í 1. málsgrein.
11. jan. Lögfræðingar, sem skipaðir hafa verið í dómaraembætti, eða skipa má í föst dóm-
arasæti samkvæmt 32. gr., skulu einnig undanþegninir umræddri prófraun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 11. janúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

4

BRÁÐABIRGÐALÖG

12. jan.

um breytingu á lögum nr. 11 13. janúar 1938 um viðauka við lög nr. 104
23. júní 1936 um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og
Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og
Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir tjáð Oss,
að líklegt sé, að skortur verði á undirvélstjórum á fiskigufuskipum í vetur, þar
sem skipunum muni sennilega verða haldið úti líkt og á síldveiðatímabilinu, og
sé því nauðsynlegt að breyta með bráðabirgðalögum samkvæmt 23. gr. stjórnar-
skrárinnar undanþáguheimild þeirri, er felst í lögum nr. 11 13. janúar 1938,
þannig að hún gildi fyrir allt árið.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Orðin „meðan skip þau, er slíka vél hafa, stunda veiðar á tímabilinu 1. júní til
31. október ár hvert“ í niðurlagi 1. málsgr. 1. gr. laganna, falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. janúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ólafur Thors.